

## **Samkomulag um aukna byggðafestu á Bakkafirði**

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 150 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðíarin, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótfamlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Bakkafirði. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila dags. 25. september 2019 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 17. desember 2019.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki
- HH-Holding ehf. kt.630305-0550, Ljósakri 2, 210 Garðabær.
- GeVe ehf. kt.610898-2119, Ljósakri 2, 210 Garðabær.
- Bjargið ehf. kt.480304-2760, Ljósakri 2, 210 Garðabær.
- Hróðgeir hvíti ehf kt.660404-3330, Hafnargötu 17, 685 Bakkafjörður.
- Jökulheimar ehf. kt.480207-1060, Bæjarási 11, 685 Bakkafjörður.
- Gunnlaugur Jónsson kt.180173-3829, Bæjarási 11, 685 Bakkafjörður.
- Löngur sf. Kt.480207-1720, Bæjarási 11, 685 Bakkafjörður.

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Bakkafirði. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Bakkafirði.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíarin 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðíárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðíárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðíárs á undan. Samningur þessi byggir á stjórnsýsluákvörðun sem tekin var af stjórn Byggðastofnunar þann 17. desember 2019 og aðilar eru meðvitaðir um að sætt getur kæru til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem ráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Bjargið ehf hefur fjárfest í fiskvinnsluhúsum sem hýstu vinnslu Toppfisks ehf að Hafnargötu á Bakkafirði. Aðrir umsækjendur eru útgerðaraðilar og með í dag 6 báta á sínum snærum sem munu landa afla sínum á Bakkafirði. Uppi eru áform um samstarf fleiri útgerðaraðila á staðnum og í sveitarfélagini. Fullt jafnræði verður í gildi milli aðila sem koma að verkefninu. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 25. september 2019.

4.

Byggðastofnun leggur til 150 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 300 þorskígildistonn af bolfiski ár hvert á Bakkafirði.

ov 1  
Afg. J.  
BD  
JEP

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:


1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 25.september 2019.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Bakkafirði með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. \_\_\_\_\_. mars 2020


  
f.h. Byggðastofnunar


Bakkafirði 28. mars 2020

  
f.h. HH-Holding ehf.


  
f.h. GeVe ehf.

  
f.h. Bjargið ehf.



  
f.h. Hróðgeir hvíti ehf.

  
f.h. Jökulheimar ehf.

  
f.h. Gunnlaugur Jónsson

  
f.h. Löngur sf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

  
Jóhann Karl Árnason   
Jónas Þorvaldsson  
280658-3599 300658-5479